

Pharmarctica ehf
Lundsbraut 2
610 Grenivík

Reykjavík, 8. október 2021
UST202103-163/H.S.J.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun vegna fráviks er kom fram í eftirliti þann 12. ágúst sl. Þann 28. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.2 í starfsleyfi, gr. 12 og gr. 16 í efnalögum nr. 61/2013.** Efnageymsla skal skipulögð m.t.t. virkni efna og geymsla á ætlandi efnum skal tengjast lekavörn. Einnig skulu olíukennd efni geymd í lekavörn. Engin lekavörn er til staðar í geymslu rekstraraðila né þröskuldur á lagerrými. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að kaupa efnaskáp fyrir sýrur og lekabakki kominn undir basa. Í undirbúningi er að stækka starfstöð rekstraraðila og á að útbúa lekhelt svæði fyrir olíur þar sem uppfylli kröfur starfsleyfis. Áætluð verklok eru seinni hluti árs 2023. Skv. rekstraraðila eru á hverjum tíma að staðaldri ekki meira en 1000 L af olíu til staðar í fyrirtækinu, niðurfali sem er í rýminu er blindað og olían þyrfti í gegnum tvo fellipröskulda áður en hún kæmist að opnu niðurfalli. Þar til stækkunin hefur verið kláruð hefur verið útbúin verklagsregla: Viðbrögð við minniháttar olíuleka. Starfsfólk hefur fengið fræðslu og verið kynnt verklagsreglan, en einnig er búið að kaupa ísogsbúnað fyrir olíur. Verklagsreglan tekur á viðbrögðum starfsfólks ef til olíuleka kemur, en m.a. er farið yfir að opna ekki dyr út ef vitað er um leka og hver viðbrögð starfsfólks eigi að vera ef olíuleki tekur á móti þeim þegar opnað er inn í rými, sérstaklega ef komið er úr rými með opnu niðurfalli.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en mun fylgja eftir framvindu framkvæmda í eftirliti. Stofnunin óskar þess að rekstraraðili upplýsi eftirlitsaðila um allar þær breytingar sem verði á tímaætlun framkvæmdanna.

Gangi ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur